

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um 45
hlunnindi handa sparisjóði. (Ágrip). Sparisjóði Bardarstrandarsýslu endurveitt 26. febr.
 hlunnindi þau, er getur um í tilsk. 4. janúar 1874, fyrir 5 ára tímabil frá 1.
 janúar 1898 að telja, og með venjulegum skilyrðum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um að Stokks- 46
eyrarhreppur skuli vera sjerstök manntalsþinghá. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. 3. marz.
 f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Stokks-
 eyrarhreppi ásamt meðmælum hlutaðeiganda sýslumanns, um að Stokkseyrar-
 hreppur í Arnessýslu fái þingstað sjer innanhrepps til manntalsþinghalda og er
 svo til ætlazt að þingstaðurinn verði á Stokkseyri. Hafið þjer lagt það til að
 hið umbeðna verði veitt.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundur gefið til þókn-
 anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til þess,
 að Stokkseyrarhreppur verði eptirleiðis sjerstök mauntalsþinghá, með þingstað á
 Stokkseyri, og er samþykki þetta bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í nefnd-
 um hreppi sjái um, að til verði á þessum stað sæmílegt hús til þinghalda.

Með þessari ákvörðun er engi breyting gjörð á skipun dómpingháa
 Árnassýslu.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs 1897.

47

	Tekjur.	Kr. a.	Kr. a.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1896:		
a,	Innritunarskírteini, Lit. A. Fol. 87.	28500	00
b,	Skuldabrjef	38314	22
c,	Ógoldnir vextir frá 1894	28	kr.
d,	Ógoldnir vextir frá 1895	28	kr.
e,	Ógoldnir vextir frá 1896	56	kr.
f,	Í landsbankanum	110	00
g,	Í peningum	1312	16
		180	98
		68417	36
2.	Vextir:		
a,	Af innritunarskírteini, Lit. A. Fol. 87, frá ¹¹ / ₁₂		
	'96 til ¹¹ / ₁₂ '97	997	50
b,	Af skuldabrjefum frá ¹¹ / ₆ '96 til ¹¹ / ₆ '97 . . .	1284	57
c,	Dagvextir af skuldabrjefum til ¹¹ / ₆ '97 . . .	57	16
d,	Dagvextir af skuldabrjefum greiddir annað- hvort fyrir eða eptir ¹¹ / ₆ '97	56	33
		Flyt	2395 56 68417 36